

## FR Á S Ö G N

*af fundi þingmannanefndar um norðurskautsmál í Sisimiut 16.-18. maí 2017.*

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar um norðurskautsmál sótti fundinn Ari Trausti Guðmundsson, formaður, auk Örnú Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar. Helstu mál á dagskrá voru loftslagsmál og sjálfbær þróun á norðurslóðum, norðurslóðastefna Grænlands og helstu verkefni og hvernig gera megi starf þingmannanefndarinnar skilvirkari. Formaður þingmannanefndarinnar, Eirik Sivertsen frá Noregi, stýrði fundinum.

Fyrsta mál á dagskrá var kynning grænlenku þingkonunnar Aaja Chemnitz Larsen á stjórn málaástandinu í Grænlandi og helstu verkefnum. Larsen greindi frá niðurstöðum rannsókna á hopun hafíss á svæðinu, auknum ferðamannastraumi og efnahagslegum horfum. Þá ræddu nefndarmenn hvernig best væri að ná þeim markmiðum sem sett voru fram í ráðstefnu yfirlýsingu nefndarinnar í Ulan-Ude í júní 2016. Larsen sagði mikilvægt að auka sýnileika og metnað þingmannanefndarinnar og lagði til að hún mundi notast við samfélagsmiðla til að ná því markmiði. Ari Trausti Guðmundsson tók undir orð Larsen og sagði flesta Íslendinga þekkja Norðurskautsráðið en öðru máli gegndi um þingmannanefndina. Hann lagði til að settur yrði á stofn starfshópur sem skoðaði þetta sérstaklega. Þá benti hann jafnframt á að ráðstefnu yfirlýsingar nefndarinnar væru langar og almennar sem drægi úr vægi þeirra og gerði eftirfylgni erfiðari. Nefndarmenn voru sammála Ara Trausta og samþykkt að setja á fót vinnuhóp með það að markmiði að auka sýnileika og þekkingu á starfsemi nefndarinnar og ráðstefnu hennar. Jafnframt var ákveðið að vinnuhópurinn skipuðu Ari Trausti og Aaja Chemnitz Larsen frá Grænlandi, auk þess sem framkvæmdastjóri nefndarinnar og ritari kanadísku landsdeildarinnar kæmu að vinnu hópsins.

Enn fremur var rætt um með hvaða hætti bæri að fagna 25 ára afmæli þingmannanefndarinnar sem er árið 2018. Kom fram hugmynd um að útbúa bækling eða setja á fót upplýsingaherferð á samfélagsmiðlum til að kynna áhersluatriði og starf nefndarinnar. Var ákveðið að ákvörðun yrði tekin á næsta fundi þingmannanefndarinnar um frekari útfærslu auk þess sem rætt yrði nánar um þau þemu sem tekin verða fyrir á næstu ráðstefnu nefndarinnar árið 2018.

Því næst ræddi Eirik Sivertsen, formaður nefndarinnar, stuttlega um ráðstefnuna Hringborð norðurslóða (Arctic Circle) sem haldin verður í Reykjavík 13.–16. október 2017 en hann mun halda erindi á ráðstefnunni sem formaður nefndarinnar. Ari Trausti lagði til að næsti fundur yrði haldinn í Reykjavík 11.–12. október svo nefndarmenn gætu í beinu framhaldi sótt Hringborð norðurslóða og nýtt þannig ferðina til Íslands og sameinað fundina. Þá greindi hann stuttlega frá hugsanlegu samstarfsverkefni við Háskóla Sameinuðu þjóðanna um fræðsluverkefni um réttindi og menningu frumbyggja á norðurslóðum, þar sem frumbyggjar væru fengnir til að miðla þekkingu til okkar. Frekari upplýsingar um verkefnið verða sendar nefndarmönnum fyrir næsta fund og mun Ari Trausti þá ræða hugmyndina nánar og kanna áhuga nefndarmanna.

Að lokum var rætt um starfsemi þingmannanefndarinnar og málefni norðurskautsins innan einstakra aðildarríkja. Framkvæmdastjóri nefndarinnar, Samu Paukkunen, sagði mikilvægt að unnið sé út frá ráðstefnuyfirlýsingu síðasta árs svo starf nefndarinnar verði sem skilvirkast. Bryndís Haraldsdóttir, formaður Vestnorræna ráðsins, sagði það afar ánægjulegt og mikilvægt fyrir ráðið að hafa fengið áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu og mikil vinna væri í gangi þessa dagana við að móta stefnu ráðsins í norðurslóðamálum og hvernig best verði hægt að nýta áheyrnaraðildina. Í framhaldinu tók Jörn Dohrman, Evrópuþingmaður, til máls og sagði mikilvægt fyrir Evrópusambandið að fá áherynaraðild að Norðurskautsráðinu og enn væri verið að vinna í því. Þá greindi hann frá því að fimmta þingmannaráðstefna hinnar Norðlægu víddar haldinn (*e. Northern Dimension*) í Brussel í október eða nóvember nk. Norðlæga víddin er

samstarfsvettvangur Evrópusambandsins, Íslands, Noregs og Rússlands. Á ráðstefnunni kynna fulltrúar aðildarlanda m.a. stefnur sínar um svæðið auk þess sem fyrirfram ákveðin þemu sem eru brýn fyrir svæðið verða rædd. Þá sagði hann mikilvæga áfanga hafa náðst á samstarfsvettvanginum varðandi umhverfismál árið 2017 en nú sér fyrir endann á tveimur stórum verkefnum. Annað verkefnið snýr að hreinsun frárennslisvatns frá rússneskum borgum í Eystrasaltið og hitt að flutningi kjarnorkuúrgangs frá Barentshafi til vinnslustöðva.

Þá lagði Eirík til að nefndin leitaði eftir fleiri tækifærum til að kynna áhersluatriði sín og nefndarmenn tækju til máls fyrir hönd nefndarinnar ef tækifæri gæfust til bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Sameinuðu þjóðirnar gætu verið nýr vettvangur, Alþjóðasiglingamálastofnun, eða aðrar stofnanir. Þau vandamál sem fylgja loftslagsbreytingum verða ekki leyst eingöngu á norðurslóðum heldur þurfi alheimsátak að eiga sér stað. Loftslagsbreytingar væru stærsta vörn á svæðinu og minnti nefndarmenn á að hækkun hitastigs af völdum loftslagsbreytinga væri tvisvar sinnum meiri á norðurslóðum en annars staðar í heiminum. Þá lagði Eirík til að vinna nefndarinnar færðist að hluta til yfir í vinnuhópa sem skipuðu þrjú til fjórir þingmenn og hefðu skilgreind verkefni og markmið. Þannig gæti starf nefndarinnar orðið árangursríkara og skilvirkara. Nánari útfærslur verða ræddar á næsta fundi nefndarinnar. Nefndarmenn voru sammála tillögum formanns og bætti Aaja við að hún vildi gjarnan bæta innleiðingu þróunarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna (SDG's) við vinnu nefndarinnar.

Igor K. Chernyshenko frá Rússlandi sagði fjögur samfélög í Norður-Rússlandi nýverið hafa verið skilgreind sem norðurskautssvæði og átta til viðbótar væru að sækjast eftir því. Þá tók Ari Trausti til máls og bauð nefndarmenn velkomna til næsta fundar nefndarinnar sem haldinn verður í Reykjavík og Svartsengi 11.-12. október nk. og í framhaldinu geta nefndarmenn sótt ráðstefnuna Hringborð Norðurslóða í Reykjavík 13.–15. október. Ritari Íslandsdeildar sér um skráningu nefndarmanna á ráðstefnuna. Nánari upplýsingar verða sendar nefndarmönnum á næstu vikum. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu [www.arcticparl.org](http://www.arcticparl.org).